





## Nýr Landspítali við Hringbraut, randbyggð – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. desember 2024 var lögð fram fyrirspurn Íslenskra Fasteigna ehf., dags. 12. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut, sem felst í breytingum á skilmálum og útfærslum bygginga nr. 32, 33 og 34 sem nefnast Randbyggð, samkvæmt tillögu Teiknistofunnar Traðar, dags. 26. maí 2023. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. desember 2023. Fyrirspurn er nú lögð fram að nýju ásamt uppráttum SPITAL, dags. 8. ágúst og 26. september 2024.



AR2040




Uppdráttur úr deiliskipulagstillögu sýnir aðkomukóta við aðalinnganga randbyggðar


### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Landnotkun er Miðsvæði (M5e).


**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag Landspítala við Hringbraut, staðfest þ. 8. apríl 2013 ásamt síðari breytingu, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 15. október 2020. Heildarbyggingarmagn ofanjarðar er nú 10.650m<sup>2</sup> en var 15.000m<sup>2</sup> fyrir deiliskipulagsbreytingu haustið 2020 þegar Burknagata var færð til suðurs.




Ásýnd randbyggðar og húsabýrpinga á miðri spítalalóðinni frá Hringbraut, skv. deiliskipulagi staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 8. apríl 2013




Ásýnd randbyggðar frá Hringbraut samkvæmt gildandi deiliskipulagi, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 15. október 2020



Ásýnd randbyggðar og húsabýrpinga á miðri spítalalóðinni frá Hringbraut skv. tillögu hönnuða dags. 8. apríl 2013



Hugmyndir fyrirspyrjanda að ofan með breyttu fyrirkomulagi salarhæða ásamt hækkun á þakkótum að ofan en gild. skilmálar að neðan



## Umsögn

Í niðurstöðu skipulagsfulltrúa vegna sömu óska var fallist er á útfærslu uppbyggingaraðila á skrifstofuhúsi með lægri salarhæð innan núverandi heimilda á hæðarkótum / byggingamassa, en skoða þyrfti betur aukningu á byggingarmagni. Fyrirvari var settur á auknu skuggavarpri á aðliggjandi byggð vegna hækkunar þakkóta sem uppbyggingaraðili hefur látið skoða betur og er nú til skoðunar.

Samanburður á skuggavarpri á jafndægri kl. 10.00, 13.00, 16.00 og 19.00 (frá vinstri til hægri) miðað við 4 hæðir og 4-5 hæðir sýndi nokkurn mun á aukningu skuggavarps enda nemur hækkun á þakkótum um 6m eða allt upp í sömu hæð og byggingar Rannsóknarhúss LSH og Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Hætt er við að Hvannargata myndi svipa til gjár milli stórt séð jafn hárra bygginga ef heimilt væri að hækka þakkóta randbyggðar. Götukóti Hvannargötu við megin inngang er um 12m yfir sjávarmáli (við núverandi byggingu Heilbrigðisvísindasviðs sem sjá má á sniði að ofan) og hámarks þakkóti er 25,6m: mætti ætla að hægt væri að þetta gólfhæðir innan byggingarmassans sem nemur einni hæð innan núverandi heimilda án þess að komi til hækkun á þakkóta frá núverandi heimildum eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Auk þess: tillagan brýtur upp fíngerða ásjón ofangreindra bygginga á landspítalalóðinni sem trappa sig upp frá Hringbraut mót holtinu í norðri þar sem gamla Landspítalabyggingin frá 1930 situr efst á stalli. Ef heimilt væri að hækka þakkóta randbyggðarinnar hyrfi svipmót þessarar torfu og viss fínleiki og næmni í skala eins og henni var stillt upp 2013 og hefur haldist þrátt fyrir breytingar á deiliskipulagi.

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

## Niðurstaða

- Jákvætt er tekið í að áfangaskipta uppbyggingunni í tvo áfanga
- Jákvætt er tekið í að fjölga hæðum
- Neikvætt er tekið í hækkun á hæðakótum samkvæmt tillögu sbr. umsögn að ofan
- Skoða megi möguleika á hækkun hæðakóta sem næmi 0,3-0,4m miðað við fjórar hæðir í stað þriggja með lægri salarhæð en núverandi tilaga sýnir

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur/ Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt**